

# Í Garðskagavita er miðunarstöð sem skylda er að vakta


**Dauði hestur vitavörðarins var einnig bundinn á afturfótum**

„Í Garðskagavita er miðunarstöð sem rekin er á okkar ábyrgð. Bátar geta beðið um miðun frá henni og því eru þær reglur að maður verður að vera til taks í eða við vitann. Vegna atburða sem átt hafa sér stað við Garðskagavita hafa aðrir gæzlumenn verið fengnir að vitanum þar og til eftirlits á Hólmsbergsvita. Sú ráðstöfun er til bráðabirgða og þá verður ráðuneytisins að taka ákvörðun varðandi framtíðina.“

Þessi orð mælti Tómas Sigurðsson deildarstjóri hjá Vitamálastofnuninni er blaðið ræddi við hann.

„Ég var kallaður suður eftir að kvöldi 2. hvítasunnudags en þá hafði lögregla gert húseilit á staðnum og vitavörðurinn var hvergi finnanlegur. Fór ég ekki af staðnum fyrr en tryggð hafði verið gæzla í vitanum.“ sagði Tómas.

Miðunarþjónusta vitans sem var sett upp 1951 var mikið notuð í fyrstu en lítill nú orðið. Þjónustan er þó fyrir hendi og vitavörður má ekki yfirgefa staðinn



nema láta Vitamálastofnunina vita og getur ekki sett mann fyrir sig nema skrifstofan samþykki viðkomandi staðgengil.

Tómas sagði að núverandi vitavörður hefði verið settur í starf sitt af samgöngumálaráðuneytinu í septemberlok og síðan fengið ráðningu frá 1. maí sl.

Í frekari lögreglurannsóknum sem fram hafa farið vegna aðkomu lögreglumanna á staðnum 2. hvítasunnudag hefur komið fram og verið staðfest að vitavörðurinn fékk ungan mann úr Reykjavík ásamt konu hans til að vera á staðnum. Voru þau þar hluta tímans en tilefni brottfarar vitavörðarins var ferming hjá ættfólki hans vestur á landi. Að sögn lögreglunnar kveðst vitavörðurinn hafa tafizt vegna veikinda í Reykjavík á heimleiðinni og kom hann eigi suður eftir fyrr en síðdegis á þriðjudag. Við heimkomuna neitaði hann að tala við lögreglumenn og töldu þeir einnig að viðráður við hann þá væru til einskis vegna áfengisneyzlu.

Hinn ungi staðgengill vitavörðarins hafði haft simasamband við vitavörðinn á hvítasunnudag og sagti honum frá dauða hestsins í fjósinu.

Síðar yfirgaf staðgengillinn staðinn og skyldi þá eftir skilaboð á miða svohljóðandi: „Tikin fór út um hádegis og við fundum hana ekki. Ég lét bandið á hestinum vera utan um fótinn á honum eins og það var en tók það af hálsinum.“

Að sögn lögreglunnar var band um afturlappir dauða hestsins.

Varðandi bruggið sem á staðnum fannst var það að sögn vitavörðarins ölbrugg sem hafði mistekizt og orðið að ediki. Kvað hann það hafa verið ætlun

sina að hella því og það gerði hann í viðurvist lögreglunnar. Lögreglan sendi hins vegar sýni mjaðarins til rannsóknar.

Vitavörðurinn hefur einnig haft samband við DB og kveður ýmislegt málum blandað í frásögnum af máli hans. Kveðst hann hafa fengið hjón í sinn stað til Garðskaga. „Hjón sem ég þekki ekki að neinu nema góðu“. Vitavörðurinn kvað hestinn hafa dáíð aðra nóttina sem þau hjónin voru syðra. Umrætt öl hefði verið venjulega heimatilbúið öl, sem algengt er orðið. Hann telur enga heimild hafa verið til húsbrotis lögreglu.

—AST.



**Rannsóknastofnun  
landbúnaðarins  
óskar að ráða ritara**

Góð vélritunar- og enskukunnátta nauðsynleg.

Upplýsingar í síma 82230 fyrir 20. maí.

**Hörður Karlsson með listsýningu vestan um haf:**

## Myndirnar nafnlausar til að kveikja ímyndunaraflað

— bróðir hans lífgar upp á með tálum

„Fólk spekúlarar mikið meira í myndunum ef þær eru nafnlausar, veltir þeim fyrir sér og leitir að heppilegu nafni í stað þess að fá eitthvert nafn og þá það.“ sagði Hörður Karlsson listmálarinn sem nú heldur hér sýningu á myndum sínum sem hann hefur undanfarið ár málað í Bandaikjunum. Þar er hann búsettur og starfar sem forstöðumaður myndsmiðadeildar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Washington.

Nám stundaði hann í Corcoran listaskólanum í Washington og einnig við háskólann í Mexíkóborg. Auk krita- og oliumynda sinna hefur hann teiknað fjölda frimerkja sem mörg hafa verið gefin út, svo sem frimerki Sameinuðu þjóðanna til heiðurs Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, gefið út '61. og 50 ára afmælisfrimerki Flugþjónustu Bandaríkjanna, gefið út '68. Þá hefur hann gert mörg merki sem hlotið hafa viðurkenningu bæði hér og erlendis.

Sýning hans að Kjarvalsstöðum nú er 8. sýning hans og önnur sýning hans hérlandis. Sagði hann verulegt fyrirtæki að flytja verk hingað til sýningar. Íslenzkur trésmiður í Bandaríkjunum hjálpaði honum við að ganga frá verkunum til flutnings og síðan þurfti hann að flytja þau til Norfolk þar sem þau fóru um borð í Bifrost. Vildi hann sérstaklega þakka þessum aðilum fyrir hjálpa.



Hörður Karlsson — kominn heim vestan um haf með myndir sínar — DB-mynd Hörður Vilhjálmsson.

Um mismuninn á að sýna hér og í Bandaríkjunum sagði hann listaáhuga hér greinilega mun meiri og almennari en í Bandaríkjunum, auk þess sem list væri algengari á heimilum hér en þar.

Allar myndirnar á sýningunni. „fjórar árstíðir“, eru krita myndir en annars málar hann jafnframt með oliu- og

acryllitum. Sýningunni lýkur á sunnudagskvöld og eru 38 myndir af 54 þegar seldar.

Með Herði sýnir bróðir hans, Snorri, nokkrar tálur, eða tálgaðar styttur. Hefur hann sýnt á nokkrum stöðum hérlandis áður.

—G.S.

**Trésmiðir „spila“ ekki bara á sagirnar:**

## 50 MANNA SAMKÓR TRÉSMIÐA BÝÐUR TIL TÓNLEIKA

Trésmiðir eyða sumir hverjir fristundum sínum til að stilla saman strengi sína í söng hjá Samkór Trésmiðafélags Reykjavíkur. Og ný býður kórinn upp á aðra tónleika sína en starfsemin hefur undanfarið ár eflzt jafnt og þétt og kór-

félagar eru orðnir nær 50 talsins. Sl. vor var mikið um að vera hjá kórnum, fyrstu sjálfstæðu tónleikarnir, þátttaka í samnorrænni útvarpsdagskrá 1. maí og þátttaka í 7. norræna alþjóðtónlistarmótinu í Ósló. Tókst sú ferð hið

besta hjá kórnum og var honum vel fagnað.

Á vortónleikum kórsins kl. 16 á sunnudag í Hamrahlíðarskóla verður fjölbreytt efnisskrá, íslensk kórlög, þjóðlög víða að og útlend klassísk kórlög.

Stjórnandi er Guðjón Böðvar Jónsson og undirleikarar Agnes Löve og Jósef Magnússon. —

JBP

## Íbúðir ekki búnar þó framkvæmdir hefjist

„Þrátt fyrir miklar byggingar undanfarið er hér (á Seyðisfirði) mikill húsnæðisskortur.“ var haft eftir Theodor Blöndal, efsta manni lista Sjálfstæðisflokksins í kosningakynningu Seyðisfjarðar í DB á þriðjudaginn. Í framhaldi viðtalsins kom fram misskilningur en framhaldið átti að vera:

„Hér hafa verið byggðar sjö leiguíbúðir. Í sumar verður hafizt handa um byggingu fjölbýlishúss með 12 íbúðum og 3 íbúðir verða byggðar á vegum verkamannabústaða.“

Í viðtalinu kom hins vegar fram að áður enfrndar íbúðir sem hefja á vinnu við í sumar væru búnar. —AST.

## Tóbaki fyrir 200 þúsund stolið

Brotizt var inn í birgðageymslu Bifrastar í Hafnarfirði aðfaranótt miðvikudags. Stolið var 10 millum eða 50 lengjum af Kent-vindlingum. Söluverðmæti þessara tóbaksbirgða er tæplega 200 þúsund krónur. Málið mun óupplýst ennþá en það er í höndum RLR.

—AST.



**Smurbrauðstofan  
BJÖRNINN**  
Njálsgötu 49 — Sími 15105

## Fasteignir á Suðurnesjum:

1. Höfum kaupendur að einbýlishúsum, raðhúsum og göðum sérhæðum.
2. Höfum kaupendur að sérhæð eða eldra einbýlishúsi í Ytri-Njarðvík.
3. Höfum kaupendur að sumarbústöðum eða lóðum undir sumarbústaði.
4. Erum með tugi íbúða á söluskrá, allar stærðir.
5. Alls konar makaskipti hugsanleg.
6. Erum með íbúðir í Reykjavík og Ólafsvík í skiptum fyrir íbúðir á Suðurnesjum.
7. Verzlið þar sem vettvangur fasteignaviðskipta er á Suðurnesjum.

Ath.: Opíð frá kl. 1—6 sex daga vikunnar. Erum með myndir af öllum eignum á skrifstofunni.



**EIGNAMIÐLUN  
SUÐURNESJA**

HAFNARGÖTU 57 — KEFLAVÍK — SÍMI 3868

**Hannes Ragnarsson**  
Hamragarði 3, Keflavík, sími 3383.  
Ragnhildur Sigurðard. sölum.  
Reynir Ólafsson viðskfr.